

Árið 2016

Hvert skal haldið?

Hluti 2 – Áskoranir til lengri og skemmri tíma

Janúar 2016



Hvert skal haldið?


- **Horfur á árinu 2016 eru almennt góðar.** Íslenska hagkerfið er í örum vexti, tekjujöfnuður er hvergi meiri og kaupmáttur launa nálgast nú það sem mest var fyrir efnahagshrunið. Mikil sókn er í innlendri ferðaþjónustu og sjá flest allar atvinnugreinar fram á aukna fjárfestingu og ráðningar á árinu sem nú er í hönd. Við það bætist að samningar við kröfuhafa fallinna fjármálafyrirtækja munu skila ríkissjóði töluverðum tekjum sem gefur færi á að bæta skuldastöðu ríkisins töluvert.
- Þrátt fyrir góða stöðu má finna blikur á lofti. Þjóðin eldist hratt og hlutfall fólks á vinnualdri mun fara ört lækkandi á komandi árum. **Aukinn fjöldi aldraðra mun kalla á umtalsvert aukin útgjöld ríkisins til heilbrigðis- og velferðarmál** auk þess sem **ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar hins opinbera nálgast gjalddaga.** Á sama tíma eru skuldir ríkissjóðs enn miklar, jafnvel að teknu tilliti til stöðuleikaframlaga, og mun vaxtabyrðin að viðbættum ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum halda áfram að sliga ríkissjóð verði ekki aðhafst.
- Ýmis stór mál liggja fyrir á nýju ári. Tryggja þarf **farsælt afnám hafta**, ná samstöðu um **bætt vinnumarkaðslíkan** og tryggja **aðhald í opinberum rekstri.** Sé ætlunin að draga úr vaxtakostnaði þarf að selja eignir og setja skýr og bindandi markmið um aðhald í opinberum rekstri.
- **Eldri þjóð dregur úr nýliðun á vinnumarkaði** og haldi hagkerfið áfram að vaxa í takt við langtímameðal **mun það kalla á aukinn fjölda erlendra starfsmanna.** Hækkun lífeyrisaldurs til samræmis við auknar ævilíkur og útskrift nemenda úr framhaldsskóla við 18 ára aldur með styttingu námstíma til stúdentsprófs og skólaskyldu frá 5 til 15 ára er til þess fallið að **auka bæði framleiðni og nýliðun á vinnumarkaði.** Slík breyting, þó til góðs, myndi engu að síður ekki brúa mannaflapörfina nema að hluta. Auk þess að auðga samfélagið með meiri fjölbreytni og styrkja innlent hagkerfi með vinnu sinni mun fjöldi erlendra starfskrafta breyta ásýnd samfélagsins á komandi árum. **Breytingin er í senn óumflýjanleg og eftirsóknarverð en kallar á skýra stefnu í innflytjendamálum.**

Hvert skal haldið?

1. Áskoranir til skamms tíma
2. Áskoranir til langs tíma


Launahækkanir á Íslandi eru langt umfram nágrannalöndin

Hækkun launavísitölu á árinu 2015
- Ársbreyting spá IMF fyrir Norðurlöndin



Lítill sem engin framleiðniaukning hefur verið síðustu ár

Undanfarin ár hefur framleiðnivöxtur verið hverfandi hér á landi. Það á ekki aðeins við um Ísland en svipuð þróun hefur verið í öðrum iðnríkjum þar sem framleiðnivöxtur hefur verið mun lakari en á árum áður.




Í kjölfar mikilla launahækkana er viðbúið að launahlutfallið muni hækka...

Launahlutfall sem ekki þekkt meðal OECD ríkja


Launakostnaður fyrirtækja mun hækka á komandi árum. Gangi spá Seðlabankans eftir fer launahlutfallið, þ.e. sá hlutur verðmætasköpunar sem rennur til launafólks, úr því að vera 65% í 68% á næstu árum.

Launahlutfall OECD ríkja árið 2014 (%)
- laun og launatengd gjöld



Launahækkanir koma sérstaklega illa við ferðapjónustuna

Ferðapjónusta og aðrar vinnuafsfrekar atvinnugreinar munu finna verulega fyrir launahækkunum í rekstri sínum. Samkeppnisstaða þeirra mun því versna skarpt samhliða raungengisstyrkingunni.




... sem ógnar samkeppnisstöðu þjóðarbúsins

Veruleg hækkun raungengis framundan

Það stefnir í verulega raungengisstyrkingu á komandi árum og nægir þar að horfa til nýgerðra kjarasamninga. Miðað við forsendur um launaþróun skv. rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins gæti raungengisstyrkingin fram til ársloka 2018 orðið 15-30%. Ekki er því langt í að raungengið verði orðið sterkara en það var árið 2007.

Raungengi á grundvelli launa, m.v. launaþróun SALEK sviðsmynd¹
ársmeðaltal vísitala, 2000=100



¹ miðað við framleiðnivöxt skv. forsendum Seðlabankans

² það jafnvægisraungengi sem samræmist ytri jöfnuði

Hvert skal haldið?


1. Áskoranir til skamms tíma
2. Áskoranir til langs tíma

Þjófniðin eldist og kostnaður eykst


Þjóðin eldist og kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu mun aukast

Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og á komandi árum mun hlutfall eldri borgara af heildaríbúafjölda vaxa hratt. Öldrun þjóða kallar á aukin útgjöld ríkisins til heilbrigðismála og umönnunar aldraðra en kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu vex hratt eftir að fólk nær 60 ára aldri.

Hlutfall Íslendinga 70 ára og eldri




Opinber útgjöld til heilbrigðismála eftir aldri - % af VLF á mann



Öldrun þjóðarinnar mun kosta ríkissjóð aukalega 2-3% af landsframleiðslu


- Mestur útgjaldauki vegna öldrunar þjóðarinnar mun stafa af auknum útgjöldum til heilbrigðismála og umönnunar aldraða.
- Í Evrópu er gert ráð fyrir að hlutfall heilbrigðisútgjalda og vistunarúrræða aldraðra muni aukast um 1,5-2,5% af landsframleiðslu á næstu 15 árum.
- Sé það mat yfirfært á Ísland nemur aukning ríkisútgjalda um 40-60 ma.kr. árlega á næstu 15 árum.



Ófjármagnaðar opinberar lífeyrisskuldbindingar á gjalddaga 2030

Á hverju ári nema greiðslur ríkisins til B-deildar LSR og LH um 15 ma.kr. Ef ekkert verður að gert tvöfaldast sú fjárhæð árið 2030, en gengur svo línulega niður fram til ársins 2065.


Greiðslur til B-deildar LSR og LH vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum og bakábyrgðar árin 2015–2065 (á verðlagi ársloka 2014)



„Eftir hrun“ skattar á fyrirtæki eru álíka miklir og fyrirséður útgjaldaauki næstu ára ...


Árlegur tekjuauki ríkisins er um 85 ma.kr. vegna nýrra fyrirtækjaskatta sem lagðir hafa verið á frá árinu 2008. Þessi tekjuauki er álíka mikill og þau viðbótarútgjöld sem ríkissjóður mun þurfa að mæta á komandi árum vegna öldrunar þjóðarinnar og lífeyrisskuldbindinga.

Árlegur tekjuauki nýrra fyrirtækjaskatta
- ma.kr., nýir skattar frá 2008



* án áhrifa þrotabúa


Árlegur tekjuauki nýrra fyrirtækjaskatta og
viðbótarútgjöld ríkisins á komandi árum (% af VLF)



... en þeim hefur þegar verið ráðstafað í önnur útgjöld ríkisins

Þrátt fyrir mikinn tekjuauka ríkissjóðs á liðnum árum hefur ríkissjóður ekki skilað miklum rekstrarafgangi. Auknum tekjum hefur verið ráðstafað og útgjöld aukin. Í stað þess að skapa svigrúm fyrir fyrirséðan útgjaldaauka vegna öldrunar hefur ríkið þanist út og sjaldan verið umfangsmeira í hagkerfinu.

Afkoma ríkissjóðs (% af VLF)




Árlegur tekjuauki nýrra fyrirtækjaskatta og viðbótarútgjöld ríkisins á komandi árum (% af VLF)



Útgjöld hins opinbera eru lægri vegna hagstæðrar aldurssamsetningar þjóðarinnar...

Ólíkt Íslandi sem býr við sjóðssöfnunarkerfi þá er gegnumstreymiskerfi í flestum öðrum ríkjum þar sem greiðsla lífeyris er fjármögnuð með skattfé og greidd út í gegnum rekstur hins opinbera. Það gefur því skakka mynd í alþjóðlegum samanburði að taka ekki tillit til þess að ellilífeyrisþegar eru enn hlutfallslega fáir á Íslandi og íslensku lífeyrissjóðirnir greiða bróðurpartinn af þeim ellilífeyri sem greiddur er.


Opinber útgjöld alls 2013
í % af landsframleiðslu í ESB og EFTA ríkjunum



...leiðrétt fyrir útgreiðslum lífeyris eru opinber útgjöld nánast hvergi meiri

Ólíkt Íslandi sem býr við sjóðssöfnunarkerfi þá er gegnumstreymiskerfi í flestum öðrum ríkjum þar sem greiðsla lífeyris er fjármögnuð með skattfé og greidd út í gegnum rekstur hins opinbera. Það gefur því skakka mynd í alþjóðlegum samanburði að taka ekki tillit til þess að ellilífeyrisþegar eru enn hlutfallslega fáir á Íslandi og íslensku lífeyrissjóðirnir greiða bróðurpartinn af þeim ellilífeyri sem greiddur er.


Opinber útgjöld alls 2013, að frádregnum almannatryggingum,
% af landsframleiðslu í ESB og EFTA ríkjunum



Heildartekjur hins opinbera í meðallagi, en þá á eftir að leiðrétta lífeyrisgreiðslum...

Ólíkt Íslandi sem býr við sjóðssöfnunarkerfi þá er gegnumstreymiskerfi í flestum öðrum ríkjum þar sem greiðsla lífeyris er fjármögnuð með skattfé og greidd út í gegnum rekstur hins opinbera. Það gefur því skakka mynd að bera saman skatttekjur milli landa með söfnunarkerfi lífeyrissjóða og gegnumstreymiskerfi. Leiðrétting felst í því að bera saman skatttekjur að frádregnum tryggingagjöldum (social security contributions).


Heildarskatttekjur hins opinbera 2014
í % af landsframleiðslu í ESB og EFTA ríkjunum



...leiðrétt fyrir lífeyrisgreiðslum þá er Ísland meðal topp fimm



Ólíkt Íslandi sem býr við sjóðssöfnunarkerfi þá er gegnumstreymiskerfi í flestum öðrum ríkjum þar sem greiðsla lífeyris er fjármögnuð með skattfé og greidd út í gegnum rekstur hins opinbera. Það gefur því skakka mynd að bera saman skatttekjur milli landa með söfnunarkerfi lífeyrissjóða og gegnumstreymiskerfi. Leiðrétting felst í því að bera saman skatttekjur að frádregnum tryggingagjöldum (social security contributions).

Heildarskatttekjur hins opinbera, að frádregnum tryggingagjöldum, 2014
í % af landsframleiðslu í ESB og EFTA ríkjunum



Staðan 2030: Munu tekjur duga til að mæta viðbótarútgjöldum?


Ef fram fer sem horfir munu viðbótarútgjöld vegna öldrunar þjóðarinnar og lífeyrisskuldbindinga nema 4% af landsframleiðslu á komandi árum. Fylgi aðrir útgjaldaliðir hagvexti þýðir þetta að útgjöld ríkisins verða að öðru óbreyttu 35% af landsframleiðslu árið 2030. Verður ríkið þá umsvifameira en áður hefur þekkt og útgjöld ríkissjóð töluvert hærra hlutfall af landsframleiðslu en tekjur hans hafa verið hingað til.




Vegna öldrunar þjóðarinnar mun myndast skortur á starfsfólki ef ætlunin er að hagkerfið haldi áfram að vaxa um 2,5% á ári

Fólki á vinnualdri mun fækka hlutfallslega á komandi árum

Mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir mikilli hlutfallslegri fjölgun eldra fólks á komandi árum og áratugum. Fæðingartíðni fer lækkandi og ævilíkur aukast samfara aukinni velmegun þjóðarinnar.




Mikil fjölgun 75% öryrkja á árinu 2015




Framundan er skortur á vinnuafli og mun það kalla á erlent starfsfólk

Til að viðhalda 2,5% hagvexti þarf vaxandi vinnuafli að óbreyttri framleiðniaukningu og atvinnuþátttöku. Íslenska þjóðin er að eldast og því mun slík þróun kalla á að erlendum starfsmönnum fjölgi. Mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir þónokkrum aðflutningi erlendra starfsmanna á innlandan vinnumarkað en að fyrrgreindum forsendum gefnum verður þörfin fyrir erlenda starfskrafta umtalsvert meiri en þar er gert ráð fyrir .

Mat SA: Þörf fyrir innflutta starfsmenn
- fjöldi starfandi




Fjölpjódasamfélagið Ísland
- hlutfall af heildarmannfjölda




Áfram verður skortur þrátt fyrir að við útskriftumst fyrr og vinnum lengur

Skólaskylda frá 5-15 ára og stytting námstíma til stúdentsprófs ásamt hækkun lífeyrisaldurs úr 67 í 70 ára mun auka fjölda Íslendinga á vinnumarkaði. Þó slíkar kerfisbreytingar myndu minnka þörfina fyrir erlenda starfsmenn yrði hún enn umtalsverð. Að þessum forsendum gefnum myndi hlutfall erlendra ríkisborgara ríflega tvöfaldast fram til ársins 2035 sé litið framhjá veitingu ríkisborgararéttar.

Mat SA: Þörf fyrir innflutta starfsmenn
- fjöldi starfandi




Fjölþjóðasamfélagið Ísland
- hlutfall af heildarmannfjölda



Enginn veit sína ævi fyrir en öll er


Allar spár til langrar framtíðar eru háðar óvissu og síst minnkar óvissan samhliða veldisvaxandi tækniframförum og því sem nefnt hefur verið vélvæðingin síðari¹. Hún er þegar farin að hafa áhrif á líf okkar með aukinni nýtingu gervigreindar og vélmenna til ýmissa verka sem áður voru unnin af mönnum. Vélar sem fyrr voru bundnar vísindaskáldskap eru þegar á teikniborði margra stærri iðnfyrirtækja og t.a.m. er gert ráð fyrir að sjálfkeyrandi bílar verði komnir í almenna notkun innan fárra ára. Slík þróun mun draga úr mannaflspörf og þó erfitt sé að spá fyrir umfangið mun hún hafa áhrif á fyrrgreinda spá um þörf fyrir erlenda starfskrafta.



Tillaga 1: Minnka skuldabyrði ríkisins til að búa í haginn fyrir væntum útgjaldaauka


Skuldastaða ríkissjóðs: „Eftir hrun“ skuldirnar eru enn of háar

Skuldir ríkissjóðs sem % af VLF



Gangi núverandi áform stjórnvalda eftir ætti vaxtakostnaður að minnka um 17 ma.kr.

Vaxtakostnaður ríkisins er ríflega 5 mö.kr. lægri en áætlað var á árinu 2015. Gangi eftir núverandi áform stjórnvalda um sölu eigna eftir mun vaxtakostnaður minnka um ríflega 12 ma.kr. til viðbótar á árinu 2016.




Þrjár tillögur sem ganga mislangt



Tillaga 1: Niðurgreiðsla erlendra skulda fyrir ríflega 190 ma.kr.

- Mögulegt er að greiða niður erlendar skuldir fyrir 190 ma.kr á næsta ári, með gjaldeyriseignum en einnig með krónueignum.
- Seðlabankinn hefur verið eini virki kaupandinn á gjaldeyrismarkaði, slík inngrip eru bankanum ekki að kostnaðarlausu þar sem þau kalla á stýfingu fjármagns. Mikilvægt er að á næsta ári verið innlendum aðilum heimilað að mæta því gjaldeyrisinnflæði sem skilgreint er sem langtímaflæði, þ.m.t. ríkissjóði. Slík aðgerð kallar ekki á stýfingu og hefur því ekki kostnað í för með sér fyrir Seðlabankann.

Möguleg niðurgreisla erlendra skulda





Til greiðslu með eftirfarandi eignum:

1. Niðurgreiðsla forðalána með gjaldeyriseignum:
 - a. Gjaldyrisforðinn yrði minnkaður (80 ma.kr.)
 - b. Gjaldyrisjöfnuður Íslandsbanka er jákvæður. Erlendar eignir umfram skuldir (22 ma.kr.)
 - c. Hreinar gjaldeyriseignir úr stöðugleikaframlagi (41 ma.kr.)
2. Niðurgreiðsla forðalána með krónueignum:
 - a. Lausafjárstaða ríkissjóðs minnkuð (50 ma.kr.)

Tillaga 2: Arður greiddur til ríkisins fyrir 90 ma.kr.

- Grófleg áætlun efnahagssviðs gerir ráð fyrir að ríkissjóður geti greitt út arð fyrir 90 ma.kr.¹ Slík ráðstöfun væri eðlileg áður en til sölu eigna kemur.
- Hjá Íslandsbanka væri hægt að greiða út meiri arð en þar sem við höfum áætlað að gjaldeyriseignir verði greiddar ríkisins í **Tillögum 1** þá eru þær fjárhæðir dregnar frá.
- Ef slíkar arðgreiðslur yrðu nýttar til niðurgreiðslu skulda myndi vaxtakostnaður dragast saman um 5 ma.kr.




¹Miðað við að Tier1 fari niður í 20% hjá Ísb. og 21,8% hjá Landsbankanum miðað við innri matsaðferð.


Tillaga 2: Ríkisbankarnir tveir seldir á þremur árum

- Eftir að arðgreiðslur hafa verið greiddar út er hægt að hugsa sér að Íslandsbanki og Landsbankinn yrðu seldir á þremur árum.
- Vaxtakostnaður minnkar um 15 ma.kr., ef horft er framhjá áhrifum vegna sölu Landsbankans á fyrsta árinu (71 ma.kr.) þar sem nú þegar er gert ráð fyrir þeim ábata í minni vaxtakostnaði ríkisins.

Möguleg sala ríkisbanka á hverju ári (ma.kr.)



Eftir sölu eigna: Árleg minnkun vaxtakostnaðar (ma.kr.)¹



¹ Ekki tekið tillit til vaxtasparnaðar vegna sölu Landsbankans á árinu 2016 þar sem þau áform eru nú þegar í áætlun stjórnvalda

Tillaga 3: Möguleg sala annarra ríkiseigna, ýmist að hluta eða öllu leyti




Möguleg sala eigna gæti skilað
ríkissjóði 100-200 ma.kr.


Vaxtasparnaður 5-10 ma.kr.

Tillaga 3: Vaxtakostnaður minnkar um 33 ma.kr. ef til sölu ríkiseigna kemur einnig

Tillögur SA: Vaxtakostnaður ríkisins eftir niðurgreiðslu skulda og sölu eigna (ma.kr.)



Tillögur SA: Skuldir tilkomnar eftir 2008 greiddar niður að fullu



Tillaga 2: Menntamál

Umbætur í menntamálum

Sátt er um greitt aðgengi að menntun og fjármunum í menntakerfið verði varið skynsamlega. Nauðsynlegt er að umræður fari fram um frekari skólaþróun í ljósi samkeppnishæfs samfélags (sbr. McKinsey skýrslan)

Eftirfarandi umbætur þurfa að eiga sér stað,


- Framleiðni og samkeppnishæfni skólakerfisins verði eflað
- Skólaskylda hefjist við 5 ára aldur, útskrift úr framhaldsskóla 18 ára
- Fagleg forysta skólastjórnenda, aukin eftirfylgni kennslu og endurgjöf kennara
- Endurskoðun kennaramenntunar
- Áhersla á sveigjanleika, árangur og ráðdeild
- Leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli verði skoðuð heildstætt
- Ósk sveitarfélags (Garðabæjar) að sjá um rekstur allra þessara skólastiga verði samþykkt sem tilraunaverkefni

Umbætur í menntamálum hafa víðtæk jákvæð áhrif

Hér getur skólakerfið hjálpað? Örorða ungs fólks meiri hér á landi

Brottfallsnemendur leita út í atvinnulífið, finna leiðir aftur í skólakerfið eða enda á bótum. Norska hagstofan hefur dregið fram að 28% þeirra sem eiga í miklum erfiðleikum innan skólaskyldu eru í hættu vegna brottfalls og eru við 24 ára aldurinn komnir á bætur. Tölur um brottfall eru ekki ósvipaðar á Íslandi og í Noregi. Snemmtæk íhlutun, m.a. á leikskólastigi, sveigjanleiki og skilvirkari skólaframvinda geta verið tækifæri til að minnka öroku ungs fólks.


Hlutfall örorúlífeyrisþega af íbúafjölda
á Íslandi, Noregi og Svíþjóð eftir aldursbilum árið 2015




Umbætur: Skilar talsverðu rekstrarhagræði

- Nú þegar eru um 98% 5 ára barna í leikskóla en aðeins 80 börn voru ekki á leikskóla í lok ársins 2014
- Jákvæð hagræn áhrif ef ýtt er markvissar undir sveigjanlegri skólaskil á milli grunnskóla og framhaldskóla
- Skólaskylda lengri hér en í mörgum öðrum samanburðarlöndum
- Börn sem hafa verið í leikskóla koma betur út úr PISA. Þennan betri árangur má heimfæra sem ígildi hálfis árs í skóla. Leikskólinn getur vel staðið undir því að vera fyrsti hluti skyldunáms ef stjórnendur sveitarfélaga kjósa það fyrirkomulag.
- Auka þarf endurgjóf kennara, huga að starfsumhverfi þeirra og kennaramenntun. Auðvelda ætti kennurum að kenna á mismunandi skólastigum
- Bein rekstrarhagræðing við að færa skólaskylduna niður í 5 ára væri 3,2 ma.kr. á ári og enn meiri ef skólaskil yrðu sveigjanleg

Kennslutími og fjöldi ára í skólaskyldu




Rekstrarhagræðing ma.kr.




Umbætur: Skilar miklum þjóðhagslegum ábata

- Landsframleiðslan myndi aukast um tæpa 40 ma.kr. vegna fjölgunar á vinnumarkaði og ef helmingur nemenda myndi þar að auki klára grunnskólann 14 ára gæti ávinningurinn orðið yfir 55 ma.kr. Hagvaxtaráhrifin væru alls um 2,8%. Því til viðbótar eru hagvaxtaráhrif styttingar náms til framhaldsskóla 0,7-0,85% samkvæmt mati Hagfræðistofnunar.
- Fjöldun á vinnumarkaði yrði meiri en 4.000 manns eða sem nemur um 2,4% af fjölda starfandi. Ef helmingur nemenda kláraði grunnskólann 14 ára yrði fjöldunin enn meiri og ef tekið er tillit til styttingar námstíma til framhaldsskóla yrði fjöldunin meira en 8.000.

Þjóðhagslegur ábati
ma.kr. (v.ás) og hagvaxtaráhrif (h.ás)



Fjöldun á vinnumarkaði
fjöldi (v.ás) og hlutfall af mannafla (h.ás)




Að lokum

Aukin umsvif en hófleg kampavínsneysla

Þrátt fyrir að Íslendingar hafa náð fyrra framleiðslustigi þá eru landsmenn enn nokkuð hóflegri í kampavínsneyslu sinni en árin fyrir hrun. Hófsemdina má telja ákveðið heilbrigðismerki þó það megi rökræða eins og annað.

Umsvif í hagkerfinu og kampavínsneysla landsmanna



*áætlun fyrir árið 2015

Þorsteinn Víglundsson
Framkvæmdastjóri
thorsteinn@sa.is
sími: 591-0001

Hannes G. Sigurðsson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
hannes@sa.is
sími: 591-0022

Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Forstöðumarður mennta- og
nýsköpunarsviðs
thorgerdur@sa.is
sími: 591-0014

Hörður Vilberg
Forstöðumaður samskipta
hordur@sa.is
sími: 591-0005